



VIRÐING • ELDMÓÐUR • FRAMSÆKNI


ÁRSSKÝRSLA SKRIFSTOFU STJÓRNSÝSLU

2019

Reykjanesbæ, apríl 2020

1. SAMANTEKT

Nýtt stjórnskipulag Reykjanesbæjar var samþykkt á hátíðarfundum bæjarstjórnar í Stapa þann 11. júní 2019. Stjórnskipulagið tók gildi 1. september 2019. Samkvæmt nýju stjórnskipulagi er skrifstofa stjórnsýslu ein af þremur deildum stjórnsýslusviðs.



Skrifstofan skal annast þjónustu við bæjarráð og bæjarstjórn, sjá um lögfræði- og kærumál, sinna mannauðs-, jafnréttis- og símenntunarmálum og innleiða gæðahandbók á öllum fagsviðum. Markmið skrifstofunnar er að hafa forystu í vandaðri stjórnsýslu Reykjanesbæjar og finna leiðir til að þróa vinnuaðferðir og auka rafræna stjórnsýslu. Skrifstofan skal tryggja vandaða skjalavörslu og ber ábyrgð á persónuverndarmálum í sveitarfélaginu. Þá hefur skrifstofan umsjón með tölvu- og tölvuöryggismálum, notendþjónustu o.fl. Ársskýrsla ársins 2019 miðast við framangreint skipulag deildarinnar.

Árið 2019 var viðburðarríkt ár hjá skrifstofu stjórnsýslu. Árið einkenndist af breytingum, en eins og sjá má hér að framan voru gerðar miklar skipulagsbreytingar á skrifstofu stjórnsýslu. Breytingarnar gerðu það að verkum að stórir málaflokkar, sem áður höfðu verið innan sömu deildar/sviðs, tilheyra nú Súlunni í stað skrifstofu stjórnsýslu.

Þann 1. september 2019 hóf Halldóra G. Jónsdóttir störf sem aðstoðarmaður bæjarstjóra Reykjanesbæjar. Halla lauk B.S. í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík árið 2003 og meistaranámi í forystu og stjórnun, með áherslu á verkefnastjórnun, frá Háskólanum á Bifröst árið 2019. Halldóra hafði gengt starfi sérfræðings í markaðs- og samskiptadeild Landsbankans hf. áður en hún hóf störf hjá sveitarfélaginu.

Ásbjörn Jónsson hrl. gegndi starfi sviðsstjóra stjórnsýslusviðs allt til 1. september 2019 en þann dag tók hann við starfi bæjarlögmanns Reykjanesbæjar. Bæjarlögmaður Reykjanesbæjar skal jafnframt vera skrifstofustjóri skrifstofu stjórnsýslu. Vegna alvarlegra veikinda Ásbjörns var Unnar Steinn Bjarndal hrl. ráðinn tímabundið í starf bæjarlögmanns Reykjanesbæjar samhliða Ásbirni. Unnar Steinn hóf störf þann 15. október 2019 og er um að ræða tímabundna ráðningu til eins árs. Unnar Steinn er með M.L. gráðu í lögfræði og B.Sc. gráðu í viðskiptafræði og lauk í nóvember 2019 LLM gráðu í nýsköpun og lögfræði frá lagadeild Edinborgarháskóla.

Ásbjörn Jónsson hrl., bæjarlögmaður Reykjanesbæjar, féll frá þann 3. desember 2019. Ásbjörns var minnst af samstarfsfólki hjá Reykjanesbæ í minningarstund í Keflavíkurkirkju sem sr. Erla Guðmundsdóttir, sóknarprestur í Keflavíkurkirkju, stýrði. Útför Ásbjörns fór fram þann 13. desember 2019 og voru fjölmargir samstarfsmenn hans hjá Reykjanesbæ viðstaddir útförina sem fram fór frá Keflavíkurkirkju.

Í næstu köflum verður stiklað á stóru í starfsemi deilda skrifstofu stjórnsýslu á árinu 2019.

2. ÁRSSKÝRSLA SKJALADEILDAR 2019

Árið 2019 markaði tímamót í skjalavörslu hjá Reykjanesbæ þar sem sveitarfélagið fékk samþykki Þjóðskjalasafns Íslands fyrir rafrænum skilum á gögnum frá og með 1. maí 2019. Rafræn skil fela í sér gríðarlegan sparnað á pappír og vinnu fyrir starfsfólk þar sem ekki þarf lengur að vista öll gögn á pappír. Einnig hófst undirbúningur á að koma skjalakerfi í grunnskólana sem fól í sér gerð málalykils og verklagsreglna fyrir skólana sem verður að fylgja umsókn um rafræn skil. Sótt var um leyfi til grisjunar hjá Þjóðskjalasafni á skattagögnum einstaklinga árin 1999-2019 sem við fengum samþykkt.

Skjalakerfi var sett upp hjá útistofnunum hjá velferðarsviði, námskeið haldin fyrir þá starfsmenn ásamt eftirfylgni með heimsóknum og aðstoð við notendur. Fundarritun er nú orðin stór hluti af verkefnum skjaladeildar þar sem ritað er fyrir flestar nefndir. Málaskrá byggingarfulltrúa var sameinuð málaskrá sveitarfélagsins og er nú aðeins eitt skjalakerfi. Mikil vinna hefur verið lögð í að þróa lausn Mannvirkjastofnunar með byggingarfulltrúa sem er algjör bylting og heldur sú vinna áfram í áföngum.

3. ÁRSSKÝRSLA UPPLÝSINGATÆKNIDEILDAR OG ÞJÓNUSTUVERS 2019

3.1 UPPLÝSINGATÆKNIDEILD

Netmiðjan í Ráðhúsi Tjarnargötu 12 kláruð. Unnið var í endurbótum á tengingum einstakra stofnana. Netþjónabúnaður, sem sér um svokallað sýndarumhverfi, var uppfærður.

Unnið var að framgangi Upplýsingatæknistefnu Reykjanesbæjar og innleiðing á Office 365 hófst á árinu. Breytingunum var vel tekið af starfsmönnum sveitarfélagsins. Engar breytingar voru á starfsmannahaldi í deildinni á árinu.

Í lok árs 2019 og í byrjun árs 2020 voru upplýsingatæknideild og þjónustuver sameinuð í nýja deild sem fékk nafnið Þjónusta & Þróun. Magnús B. Hallbjörnsson, sem gengt hafði starfi deildarstjóra upplýsingatæknideildar tók á sama tíma við starfi verkfæstjóra tölvu- og upplýsingatækniöryggis hjá Reykjanesbæ.

3.2 ÞJÓNUSTUVER

Fullnaðarþjónusta þjónustuvers var augin á árinu með góðri samvinnu við önnur svið og deildir, með þjálfun starfsfólks og auknum samskiptum á milli deilda.

Þjónustuverið lagði áherslu á að mæta breytilegum þörfum íbúa með því að taka upp nýtt og öflugra netspjall á árinu. Unnið var að því að auka rafræna þjónustu með því að betrubæta umsóknir á mittreykjanes.is

Mikill stöðuleiki var á starfsmannahaldi í þjónustuveri á árinu. Í lok árs voru þjónustuver og upplýsingatæknideild sameinuð í nýja deild sem fékk nafnið Þjónusta & Þróun. Á sama tíma tók Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir við starfi sem deildarstjóri deildarinnar.

4. ÁRSSKÝRSLA PERSÓNUVERNDARFULLTRÚA 2019

Haldnir voru fræðslufundir í öllum helstu stofnunum Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Grindavíkur og Voga. Einnig voru fræðslufundir fyrir HS Veitur og dagforeldra í Reykjanesbæ. Farið var yfir helstu atriði persónuverndar sem starfsmenn þurfa að vera meðvitaðir um.

Mikil vinna lögð í yfirferð á vinnsluskrám allra sviða Reykjanesbæjar, haldnir voru yfir 40 vinnufundir.

Samþykkis- og trúnaðaryfirlýsingarform útbúin. Umsóknarform á MittReykjanes.is voru yfirfarin með tilliti til persónuverndarlaga og annarra laga sem hafa verið uppfærð/breytt á síðasta ári.

Unnið var að gerð 30 vinnslusamninga fyrir Reykjanesbæ.

Reglulegir samráðsfundir persónuverndarfulltrúa sveitarfélaga haldnir í húsi Sambands íslenskra sveitarfélaga og þegar þurfa þykir þá eru haldnir fundir með persónuverndarteymi frá grunnskólunum.

6. ÁRSSKÝRSLA MANNAUÐSDEILDAR 2019

Það helsta í starfsemi mannauðsdeildar var að Helga María Finnbjörnsdóttir kom um áramótin 18/19 í fullt starf mannauðsráðgjafa og starfar ásamt Kristni Óskarssyni mannauðsstjóra.

Helstu verkefni ársins 2019 voru að staðla faglegt verklag við ráðningar og veitti mannauðsdeild ráðgjöf við allar stjórnendaráðningar án aðkomu utanaðkomandi verkta. Jafnlaunavottun var innleidd á árinu í samræmi við landslög.

Fyrsta vinnustaðagreining í nokkur ár var framkvæmd á haustmánuðum og er komin til að vera. Við innleiddum samskiptaverkfærið Workplace inn í allar starfseiningar sveitarfélagsins til eflingar samstarfs og upplýsingamiðlunar.

Þá var stuðningur við stjórnendur veigamikill þáttur í starfi mannauðsstjóra og voru stjórnendum færð verkfæri til að beita í stjórnun t.d. er varðar meðhöndlun á frávikum í frammistöðu starfsmanna.

Unnið í samstarfi við starfsfólk skrifstofu stjórnsýslu í mars og apríl 2020

Unnar Steinn Bjarndal
bæjarlögmaður Reykjanesbæjar